



Innsetningarræða
Ásgeirs Ásgeirssonar
í embætti forseta Íslands
1. ágúst 1964

Góðir Íslendingar, nær og fjær!

Fyrsti ágúst er tímamót forsetaembættisins, að þessu sinni síðasta stund þriðja kjörtímabils míns, og upphaf hins fjórða. Mér er bæði ljúft og skylt að flytja þjóð minni þakkar fyrir traust fylgi og góðan hug í garð okkar hjónanna. Embættinu fylgja bæði ánægjustundir og áhyggjur á víxl, en svo mun um flest eða öll störf. Það væri margs að minnast frá þessum tólf árum, en ég tel hér það eitt, að stjórnarmyndanir hafa jafnan tekist án tafar, og því fagna ég á þessari stundu. Með viðkvæmum huga þakka ég það traust, sem lýsir sér í endurkjöri og innsetning í embætti, og bið guð að gefa mér áframhaldandi góða heilsu og réttðæmi í þeim efnum, sem til mín taka.

Það vill nú svo til, að í byrjun þessa árs voru 40 ár liðin frá því ég tók fyrst sæti á Alþingi sem fulltrúi Vestur-Ísfirðinga. Ég veit það misvirðir enginn, að ég beini við þetta tækifæri sérstakri kveðju og þakklæti til minna góðu og gömlu vina vestur þar. Þeim á ég að þakka að ég slitnaði aldrei úr sambandi við sjómanninn, bóndann og alla alþýðu manna, og hlaut það uppeldi í stjórnámálum, sem ég mætti ekki án vera í núverandi stöðu og starfi. Þjóðmál og þingmennska lærast ekki til neinnar hlítar nema af langri reynslu. Þar verður engum prófum við komið, nema síendurteknum kosningum.

Það hefir mikið vatn runnið til sjávar á þessum 20 árum fyrir og öðrum 20 árum eftir Lýðveldisstofnun, og stórfelldar breytingar orðið í íslensku þjóðfélagi og þjóðlífi. Viðfangsefnið eru nú ærið miklu flóknari en áður. Úr því verður ekki bætt nema með aukinni sérfræði.

Það var margt, sem menn áttuðu sig vart á eftir hina fyrri heimsstyrjöld, ekki síður hin eldri sveit embættismanna en almenningur. Gamli tíminn kom ekki aftur. Tvær heimsstyrjaldir hafa fært margt úr skorðum. Breytingar í atvinnu-, fjárhags- og utanríkismálum og aukin afskipti ríkisvaldsins heimta ný tök og þekking hjá ráðunautum Alþingis og ríkisstjórna, og svo er fyrir þakkandi, að sú stétt er nú vel skipuð hæfum mönnum, sem geta horfst beint í augu við hvern erlendan stéttarbróður, sem þarf að mæta. Er það ein hin ríkasta þörf hvers nútíma þjóðfélags. En úrskurðir og völd eru eftir sem áður í höndum Alþingis og ríkisstjórna, og verður svo meðan almennur kosningaréttur er í gildi.

Breytingarnar eru meiri í þjóðlífinu yfirleitt en í sjálfu stjórnskipulaginu. Þróun atvinnulífsins hefir valdið aukinni stéttaskipting, og þó dregið úr stéttamun í vaxandi mæli. Meðan kaupstaðir voru fámennir, sveitir fjölmennar, tækin frumstæð og afköst lítil, bjuggu allar „stéttir“ á sama bæ, sátu við sama borð, sváfu í baðstofu. Kvíkfjarrækt og iðnaður rekinn undir einu þaki, og farið í verið á vertíð. Það er fyrst við tilkomu fullkonnari tækja og véla að stéttaskipting í nútímamerkingu hefst og

tilflutningur fólksins í landinu. Árabátar verða úreltir, og hin stærri vélknúnu fiskiskip draga vermennina þangað, sem kaupstaðir vaxa við góð hafnarskilyrði, heimilisiðnaði hnignar í samkeppni við ódýra, erlenda vöru uns nútímaíðnaður nær fötfestu í kaupstöðunum. Það eru breyttir atvinnuhættir, nýjar atvinnugreinar, og verkaskipting, sem valda fólksflutningunum. Þessi tilflutningur hefir vaxið svo hröðum skrefum í seinni tíð, að mörgum hrís hugur við, og að sjálfsögðu geta ríkisvald og hin öflugri félagssamtök aukið viðleitnina til að varðveita betur jafnvægi í byggð landsins.

Þessi þróun hefir skapað ný viðfangsefni og valdið átökum í þjóðmálum, stórfelldum umbótum í fátækra- og tryggingamálum, leiðréttingum á kosningarétti og kjördæmaskipun, og deilum um kaup og kjör og samræmi milli ólíkra atvinnustétta. Ber þar sérstaklega að fagna júnísamningunum, sem lýðveldið fékk í 20 ára afmælisgjöf. Þar er komið inn á leiðir, sem lofa góðu um framtíðina. Úrbæturnar jafnan eftir á, þegar þörfin hefir sagt greinilega til sín.

Almennur kosningaréttur og þingræði gerir ráð fyrir deilum og átökum, og setur þeim leikreglur. Alþingi og dómstólar eru vettvangur þessara átaka. Þar takast á ólíkar hugsjónir, hagsmunir, metnaður, og fleira mætti telja. Án slíks vettvangs réði ofbeldið eitt úrslitum. Alþingi er fornheilög stofnun með þjóð vorri, og mikill misskilningur að ásaka stofnunina sjálfa, skipulagið, um það, sem miður kann að fara, og ekki minnst ég slíks úr fornum ritum. Það verður seint hægt að leysa allan vanda mannlegrar sambúðar, sinna öllum óskum í einu, eða gera alla jafnánægða. Með þessu skipulagi eru deilur útkljáðar og málefni afgreidd án liðssafnaðar og vopnaviðskipta, og valdaskipti fara fram án fangelsana eða aftöku. Þessi erfð er forn, og engin önnur hæf til langlífis fyrir fámenna þjóð.

Á Alþingi tekst oft málamiðlun, en meirihluti ræður að öðrum kosti, enda er mörgum málum þann veg háttáð að þau segja til sín ár eftir ár, og verða ekki leyst í eitt skipti fyrir öll. Það er sjaldgæft að full eining náist á hinum fyrstu stigum hinna stærri mála, og er sjálfstæðisbaráttan eðlilega gott dæmi slíkra viðfangsefna. Þar sló jafnan í hinar hörðustu brýnur, og tókst þó fullkomin þjóðareining um endurreist lýðveldis fyrir 20 árum. Því fögnum vér af heilum hug nú á þessu afmælisári, og minnumst með þakklátum huga þeirra manna, sem um það höfðu forystuna. Þau merku tímamót skapa oss nýja aðstöðu meðal þjóðanna. En þess ber jafnframt að minnast að samhengið er ríkt í sögu Íslands, allt frá því er Alþingi var stofnað í upphafi, og þess vert að geta jafnframt, að í ár eru 60 ár síðan þjóðin fékk heimastjórn og 90 ár síðan henni var sett hin fyrsta stjórnarskrá, sem Jón Sigurðsson kom áleiðis, án þess þó að samþykkja, að ógleymdu fullveldi árið 1918. Engum forystumanna sjálfstæðisbaráttunnar hefir verið ofþakkað, en ýmsum van-þakkað, og gildir það einkum um suma ágætismenn þessarar aldar, þó ég nefni engin nöfn. Fjarlægðin er enn ekki nógu mikil til þess að dómur sögunnar sé orðinn einhlítur. Sést það best af ágreining og umræðum, sem enn fara fram, og eru þó þarfar og hjálpa til, að allt sjáist betur síðar, í réttum hlutföllum og af hærri sjónarhól.

Samhengi sögunnar og samræmi hugsunarháttar, erfðavenju og löggjafar styrkir stórlega vort unga lýðveldi og glæðir framtíðarvonirnar. Það er forn hugsjón „að hver maður verði síns réttar og laga njótandi.“ Um stjórnskipulag í aðaldráttum byggir íslensk þjóð á bjargi sinnar eigin sögu og bestu fyrirmyndum skyldra þjóða.

Vér höfum margt að þakka og getum verið ánægð með ætt og uppruna, legu lands vors og sjávar og landsgæði. Þjóðin hefir tekið fljótt og vel við véltækni nútímans, og sýnir það, eins og bókmenntir áður, að kynstofninn er góður. Það hefir sýnt sig að það þarf ekki ófrið erlendis til árgæsku, afkasta og velgengni. Í dag eru 50 ár liðin frá því hin fyrri heimsstyrjöld hófst með hersöng Þjóðverja í garð Rússa. Vér

höfum verið ósnortnari en aðrar vestrænar þjóðir af hörmungum tveggja heimsstyrjalda. En eins og styrjaldartækni er nú komið er engin vernd lengur í fjarlægðum. Vér skulum þó ekki sýta um þá hluti, sem vér ráðum ekki við, heldur halda ótrauðir áfram uppbygging lands vors og þjóðfélags. En aðgæslu þarf um skipti við aðrar þjóðir, vanda vorn málstað og drengilega aðferð.

Það sem mestu varðar er samhugur þjóðarinnar. Flokkar liggja að vísu andfætis, en þó í sama bóli. Áróður má aldrei ganga svo langt að skyggi á þjóðareining á úrslitastundum. Sem þjóð búum vér öll við ein og sömu örlög.

Óskir þjóðskáldsins, sem síðar varð fyrstur íslenskur ráðherra, á morgni þessarar aldar hafa allar ræst eða komist nokkuð áleiðis, og ég lýk máli mínu með þessari brýningu, sem enn er í gildi. „Starfið er margt, en eitt er bræðrabandið, boðorðið, hvar sem þér í fylking standið, hvernig sem stríðið þá og þá er blandið, það er: að elska, byggja og treysta á landið.“